



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 8. nóvember 2007

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn í Brekkuhvammi 10 í Búðardal, 8. nóvember 2007.

Mættir: Eyþór, Valberg, Viðar, Guðbjörn og Þórður.

1. Knapi ársins.
Knapi ársins 2007 valin Heiðrún Sandra Grettisdóttir. Valið verður tilkynnt á árs hátíð félagsins þann 17. nóvember n.k.
2. Mót næsta árs.
Rætt um dagsetningar fyrir íþróttamót, Hestaþing og úrtöku fyrir Landsmót en áhugi er á sameiginlegri úrtöku fyrir félögin á Vesturlandi líkt og fyrir 2 árum. Stungið upp á að Hestaþing verði 21. – 22. júní og íþróttamótið verði fyrr en verið hefur, jafnvel um páska. Þessum hugmyndum vísað til umfjöllunar í Mótanefnd.
3. Afmæli félagsins.
Glaður verður 80 ára á næsta ári. Ákveðið að sækja um styrk frá Menningarsjóði Vesturlands til að saga félagsins verði tekin saman og rituð í fremur stuttu máli.
4. Reiðhallarmálið.
Unnið er að umsókn um styrk úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Aðrir möguleikar til að afla fjármagns ræddir. Rætt um að fara að skoða reiðhallir, gera hugsanlega úr því hópferð.

Fleira rætt en ekki bókað,

Þórður Ingólfsson (sign)

Guðbjörn Guðmundsson (sign)

Viðar Þór Ólafsson (sign)

Eyþór J. Gíslason (sign)